

**Samþykktir
fyrir
Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings bs**

1.grein

Samlagið er byggðasamlag og heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs. og varnarþing byggðasamlagsins er í Hveragerðisbæ.

2. grein

Sveitarfélögin Ölfus, kt. 420369-7009, Hveragerðisbær, kt. 650169-4849, Hrunamannahreppur kt. 640169-2309, Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningsshreppur, kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410 og Flóahreppur, kt. 600606-1310 reka byggðasamlag um sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að byggðasamlaginu með samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og með undirritun viðauka við samþykktir þessar.

3. grein

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu sveitarfélaganna samkvæmt IX. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008, VIII. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum og samkvæmt nánari ákvæðum samþykktakonföldum þessara, erindisbréfs velferðarnefndar og erindisbréfs stjórnar byggðasamlagsins sem eru fylgiskjöl með samþykktum þessum.

Byggðasamlagið sér um sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustu með sameiginlega skólaþjónustu- og velferðarnefnd. Sameiginlegur forstöðumaður er yfir þjónustunni.

Hlutverk byggðasamlagsins er að útfæra þjónustuna en umgjörð hennar er nánar lýst í eftirfarandi skjölum sem eru fylgiskjöl með samþykktum þessum:

- a) Erindisbréf Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings
- b) Erindisbréf stjórnar byggðasamlagsins (NOS).
- c) Starfslýsing forstöðumanns þjónustunnar.

R.M.
A.C. A.H.
G.S. H.K.
A.D.

4. grein

Markmið samstarfsins er að efla samstarf milli sveitarfélaganna á svæðinu á sviði skóla- og velferðarþjónustu, nýta tækifæri til að samþætta sérfræðiþjónustu fyrir skóla og velferðarþjónustuna með það að markmiði að minnka faglega einangrun starfsmanna. Með þessu verði skapað teymi starfsmanna sem samstíga vinnur að því að efla og bæta þjónustu við íbúa, nemendur, starfsfólk skóla og félagsþjónustu.

5. grein

Skólaþjónustan starfar á einu starfssvæði en félagsþjónustan verður með þrjú starfssvæði, Ölfus, Hveragerði, Uppsveitir Árnессýslu og Flóahrepps (Uppsveitir og Flói) sem eru rekin sérstaklega af viðkomandi sveitarfélagi eða hópi sveitarfélaga. Aðskilinn fjárhagur verður á milli skóla- og velferðarþjónustu.

6. grein

Stjórn byggðasamlagsins kallast NOS. Hún skal skipuð sjö aðalfulltrúum og sjö til vara þar sem einn fulltrúi kemur frá hverju sveitarfélagi. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar. Hver sveitarstjórn skal tilnefna fulltrúa í upphafi kjörtímabils og annan til vara. Kjörgengir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru oddvitar og framkvæmdastjórar í aðildarsveitarfélögum. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

7. grein

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er lögmætur þegar aukinn meirihluti stjórnarmanna er mættur til fundar.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, erindisbréfi skólaþjónustu- og velferðarnefndar eða í samþykktum þessum án þess að fyrir liggi staðfesting frá aðalfundi, aukafundi eða öllum sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaganna, eftir atvikum og eðli máls.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila en aðildarsveitarfélögin um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila, enda samrýmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

Stjórn getur enga samninga undirritað, samþykkt eða ályktun gert nema fundur sé löglega boðaður og fundarmenn nái sameiginlegri niðurstöðu.

R.M.
A.B. M. M.M.
G.G. H.K.

8. grein

Formaður stjórnar sér um boðun funda og stýrir þeim. Fundarboð skulu vera rafræn og berast aðal- og varamönum að jafnaði tveim dögum fyrir fund.

Stjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið að fenginni tillögu skólaþjónustu- og velferðarnefndar og leggur fyrir aðalfund ár hvert og fylgist með að rekstur sé í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun.

Fundargerðir stjórnar byggðasamlagsins skulu sendar aðildarsveitarfélögnum. Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um störf stjórnar byggðasamlagsins eftir því sem við getur átt.

9. grein

Stjórn staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins, sbr. 15. grein samþykkta þessara. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds og reikningsskilavenjur, skv. 59. grein laga nr. 138/2011.

Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 15. apríl ár hvert.

Varðandi nánari útfærslu á starfsháttum stjórnar er vísað til erindisbréfs hennar sem er fylgiskjal með samþykktum þessum.

10. grein

Ein skólaþjónustu- og velferðarnefnd skal vera á starfssvæði sveitarfélaganna. Nefndina skipa 7 fulltrúar og jafnmargir til vara, einn aðalmaður og einn varamaður frá hverju aðildarsveitarfélagi. Stjórn byggðasamlagsins skipar aðal- og varamenn í skólaþjónustu- og velferðarnefnd í kjölfar sveitarstjórnarkosninga að fengnum tilnefningum sveitarfélaganna og skipar síðan formann og varaformann nefndarinnar. Að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd fer með stjórn og framkvæmd sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarmál í sveitarfélögnum í samræmi við reglur sem sveitarstjórnir setja og erindisbréf nefndarinnar.

Þóknun vegna fundarsetu í skólaþjónustu- og velferðarnefnd skal ákveðin af NOS.

Varðandi nánari útfærslu á starfsháttum nefndarinnar er vísað til erindisbréfs hennar sem er fylgiskjal með samþykktum þessum.

Engin breyting verður á hlutverki starfandi skólanefnda sveitarfélaganna við gerð samþykkta þessara.

RM
JL
S. G. H.K.

11. grein

Stjórn ræður, að fenginni umsögn skólapjónustu- og velferðarnefndar, sameiginlegan forstöðumann þjónustunnar. Forstöðumaður skal vera sérfræðingur í framkvæmd þjónustunnar. Stjórn ræður einnig sérfræðinga skólapjónustunnar og aðra sameiginlega starfsmenn þjónustunnar.

Varðandi nánari útfærslu á starfi forstöðumanns er vísað til starfslysingar sem er fylgiskjal með samþykktum þessum.

12. grein

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna staðfesta erindisbréf stjórnar byggðasamlagsins, erindisbréf um starfsemi skólapjónustu- og velferðarnefndar og starfslysingu forstöðumanns þjónustunnar að undangengnu samþykki NOS.

Reglur sem skólapjónustu- og velferðarnefnd setur um framkvæmd skólapjónustu, fjárhagsaðstoðar, barnaverndar, félagslegrar heimaþjónustu, málefni fatlaðra, ferðapjónustu, liðveislu og annarra þátta í starfsseminni skulu samræmdar eftir föngum og sendar sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

13. grein

Öllum kostnaði vegna sameiginlegra starfsmanna velferðarþjónustu og yfirstjórnar skal jafnað niður á sveitarfélögin í hlutfalli við íbúatölu næstliðins árs.

Kostnaður vegna sameiginlegs forstöðumanns skólapjónustu- og velferðarnefndar skal skiptast þannig að 60% hans falli vegna velferðarþjónustu og 40% vegna skólapjónustu.

Sveitarstjóri þess sveitarfélags sem yfirmaður hesur sína aðalstarfsstöð í heldur utan um bókhald, launagreiðslur og fjárhagsleg málefni. Sveitarfélögin greiða áætlaðar mánaðarlegar greiðslur til umsjónarsveitarfélags til að mæta þeim kostnaði. Kostnaður hvers sveitarfélags vegna almanaksársins verður síðan gerður upp fyrir lok febrúar ár hvert.

Kostnaður vegna reksturs þriggja starfssvæða velferðarþjónustunnar, þ.e. launakostnaður starfsmanna og önnur úrræði til skjólstæðinga félagsþjónustunnar greiðist beint af viðkomandi sveitarfélagi eða hópi sveitarfélaga samkvæmt samningi þeirra á milli.

Kostnaður vegna reksturs skólapjónustu, þ.e. launakostnaður starfsmanna og annar rekstur vegna hennar greiðist í hlutfalli við nemendafjölda í skólamiðað við 1. janúar næstliðins árs. Sérstakt umsjónarsveitarfélag heldur utan um bókhald, launagreiðslur og fjárhagsleg málefni. Sveitarfélögin greiða áætlaðar mánaðarlegar greiðslur til umsjónarsveitarfélags til að mæta þeim kostnaði. Kostnaður hvers sveitarfélags vegna almanaksársins verður síðan gerður upp fyrir lok febrúar ár hvert.

R.M.
A.H. A.H. H.K.
J.G. J.G.

14. grein

Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn fyrir 15. október ár hvert. Aukafundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Á kosningaári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund eigi síðar en 10. júlí þar sem kosin skal ný stjórn. Framkvæmdastjóri fjölmennasta aðildarsveitarfélagsins skal boða til þess fundar.

Aðalfundi skal boða með rafrænum hætti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal fundarefnni tilgreint. Sömu reglur gilda um aukafundi og reglulega aðalfundi.

Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur, hafi löglega verið til hans boðað og aukinn meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélaganna er mættur.

Á aðalfundi byggðasamlagsins skulu eiga sæti einn fulltrúi frá hverju aðildarsveitarfélagi, sem kemur úr hópi aðal- eða varamanna í stjórn byggðasamlagsins.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi þarf samþykki allra atkvæðisbærra fulltrúa á fundinum.

Aðalfundir byggðasamlagsins skulu opnir til áheyrnar kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum og lykilstarfsmönnum aðildarsveitarfélaganna og hafa þeir málfreli og tillögurétt.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að bjóða til aðalfundar aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi byggðasamlagsins.

15. grein

Stjórn byggðasamlagsins semur dagskrá aðalfundar og skal hún send út með fundarboði ásamt ársreikningi og tillögum að fjárhagsáætlun komandi reikningsárs svo og tillögum að breytingum á samþykktum. Aðalfundur er löglegur sé hann löglega boðaður og lágmarksfjöldi fulltrúa er mættur til fundar skv. 14 grein samþykktu þessara.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirtalin mál:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningur síðasta rekstrarárs.
- Fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár.
- Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
- Ráðning löggilts endurskoðanda.
- Önnur mál.

RW
AGA BB
JG H.K.
S

Tillögur um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins skulu sendar formanni stjórnar í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillögusflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögunum tillöguna með sama fyrirvara.

Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfast samþykkis allra atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi.


16. grein

Um úrgöngu úr byggðasamlaginu og um slit þess gilda reglur 95. gr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykktir þessar öðlast gildi við staðfestingu innanríkisráðuneytisins og fellur þá úr gildi samstarfssamningur um skóla- og velferðarþjónustu frá 18. desember 2013.



Samþykktir þessar eru gerður í sjö samhljóða eintökum, eitt fyrir hvern samningsaðila




Gunnsteinn Ólafsson
f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss


Ragnheiður Hauksdóttir
f.h. Oddviti Hrunamannahrepps

SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS
f.h. Grímsnes og Grafningshrepps


Anna Þórhalla Ólafsson
f.h. Flóahrepps


Helgi Hafsteð
f.h. Hveragerðisbæjar

SVEITARSTJÓRI
HVERAGERÐI


Meloní Þorláksson
f.h. Bláskógabyggðar

SVEITARSTJÓRI
SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS
f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps